

Alþingi
Velferðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



Reykjavík 02. júní 2023

Efni: Umsögn IOGT á Íslandi um „Próunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni. Þingsályktunartillaga, 153. löggjafarþing 2022–2023. 807. mál,

Ég vil þakka fyrir að fá að skýra okkar sjónarmið í Æskunni sem hefur unnið með börnum að forvörnum í 137 ár með því að halda á lofti góðum gildum og sterkum félagsmálaskóla.

Þegar unnið er með forvarnir tóbaks, áfengis og annara vímuefna þarf að hafa í huga að milljónir manna falla vegna skaðlegrar notkunar. Heildarbyrði sjúkdóma og meiðsla sem rekja má til neyslunnar er óásættanlega mikil. Áhrif neyslu hvers konar vímuefna hafa neikvæð áhrif á einstaklinga, fjölskyldur, ungmenni, börn og samfélagið í heild. Geðlæknirinn Gabor Maté segir: „Spyrjum ekki hvers vegna manneskjan glímir við fíkn, spyrjum frekar af hverju hún finnur til“. Hann lítur svo á að neyslan sé viðleitni manneskjunnar til að leysa vanda sinn og því sé fíkn viðbragð við bágunum aðstæðum, sársauka og vanmætti. Forvarnir eru aðgerðir sem beinast að samfélaginu öllu, hópum eða einstaklingum. Þær miða að því að efla heilbrigði, fyrirbyggja sjúkdóma og beita viðeigandi aðgerðum til að greina frávik svo beita megi snemmtækri íhlutun og hindra sjúkdómsþróun og fylgikvilla sjúkdóma sem þegar eru til staðar. Heilbrigðisráðuneytið fer með stefnumótun og reglusetningu á sviði lýðheilsu og forvarna og tekur þátt í samstarfi á því sviði innan lands og utan. Skýr stefna með sterkri löggjöf er best til þess fallin að draga úr skaðlegri notkun vímuefna. Það sem hefur reynst okkur best er mjög takmarkað aðgengi og fræðsla. Fræðsla og upplýsingagjöf dregur úr almennri neyslu og því að ungmenni byrji. Forvarnir hafa sýnt sig virka best þegar þessar leiðir eru farnar samhliða. Þessi aðferð hefur verið sannreynd hérlendis meðal annars þegar unnið hefur verið í tóbaksforvörnum. Vegna aðstæðna höfum við þurft að draga úr framlagi til forvarna um tugi miljóna undanfarin ár en sjáum fram á bjartari tíma með nánari samstarfi við yfirvöld um þessi mál.

Umræðan á Íslandi um kannabis hefur verið afvegaleidd í svo langan tíma að Iðnaðurinn sem stendur á bakvið markaðssetningu á kannabis hefur tekist að

telja almenningi trú um að hér sé aðeins saklaus vara á ferðinni (bara gras). **Hér er mælum við gegn tillögnum** um að rækta kannabis í tilraunaskyni til lækninga og hvetjum aðila til að kynna sér allar hliðar á málinu þó sérstaklega sem snúa að forvörnum.

Við viljum benda á að kannabis er ekki samþykkt sem lyf í einu einasta landi. Jafnvel þó svo væri, eru engin rök fyrir því að það ætti að leyfa það í öðrum tilgangi. Berið saman við önnur vímuefni, til dæmis morfín sem er ómissandi í heilbrigðisþjónustu. Sem vímuefni er morfín ólöglegt.

Það finnast kannski vísindalegar sannanir, þó þær séu veikar, að það geti létt undir, en lækni aldrei nokkurt sjúkdómsástand. Nýjar rannsóknir undanfarin ár hafa ekki getað styrkt stuttan lista yfir einkenni þar sem kannabis hefur áhrif. Hins vegar hafa komið betri lyf á þessu sviði.

Áhrif neyslu vímuefna á börn er skelfileg og upplifa þau alltaf öryggisleysi innan um þá sem eru undir áhrifum. Vímuefni koma oftast við sögu í kynbundnu ofbeldi. Neysla vímuefna ýtir undir kvíðaraskanir, þunglyndi og fleiri geðsjúkdóma. Markaðssetning vímuefna ýtir undir staðlaðar og niðrandi ímyndir stúlkna og kvenna. Aukin vímuefnaneysla eykur löggæslukostnað, kostnað við dómstóla og fangelsiskostnað. Álag á heimili og fjölskyldur eykst í takti við vímuefnaneyslu hlutaðeigandi. Álag á heilbrigðiskerfið er ólíðandi.

Lýðheilsumat ætti að gera á þessu frumvarpi áður en lengra er haldið.

Aðalsteinn Gunnarsson

Framkvæmdastjóri Æskunnar

Nánari upplýsingar <https://iogt.is/wp-content/uploads/2021/05/8-m%C3%BDtur-um-kannabis-ISLENSKA-vefutgafa.pdf>